

## Fréttir úr Tungumálaveri

6. tölublað

Júní 2010



## Innritun í norsku, pólsku og sænsku skólaárið 2010-2011

**Staðnám** í norsku, pólsku og sænsku fyrir nemendur fædda 1997—1998.

**Netnám** í norsku, pólsku og sænsku fyrir nemendur fædda 1995 og 1996.

**Kennsluráðgjöf** fyrir skóla og sveitarfélög utan Reykjavíkur.

**Skráðið nemendur sem allra fyrst.** Skráningareyðublað eru á heimasíðu.

**Danskur farkennari í Reykjavík.** Menntasvið Reykjavíkur hefur ákveðið að farkennari verði í skólum í Reykjavík allan næsta vetur. Tuttugu og átta skólar lýstu yfir áhuga að fá farkennara til starfa. Farkennarinn verður u.þ.b. fjórar vikur á hverjum stað, en hefur fast aðsetur í Tungumálaveri. Upplýsingar verða birtar á heimasíðu.

Fráfarandi farkennari **Lone Karstensen** kveður eftir að hafa starfað í 6 skólum á vormisseri. Henni eru sendar góðar kveðjur og þakkir fyrir ánægjulegt samstarf.

## Pólskir nemendur og sumarið á Íslandi

Í byrjun júní verður á vef Tungumálavers tengill í nýtt svæði: **Vettvangur ólíkra menningarheima**. Efnið sem komið er á vefinn er ætlað foreldrum og kennurum pólskra barna og tengist sumartómstundum barna á Íslandi. Bent er á námskeið í boði á vegum sveitarfélaga, skólagarða, sundstaði, bókasöfn, útivistarsvæði og vinnuskólann. Hvað er hvað, hvar á að skrá sig og hvernig?

Einnig eru upplýsingar um **stöðupróf í pólsku** fyrir nemendur sem eru að byrja í framhaldsskóla. **Allt efnið á síðunni er á pólsku!**



## Sitt lítið af hverju

- Mannréttindaráð Reykjavíkur heimsótti Tungumálaver 29. apríl.
- Pólskur bókaormur: **Orzalki** fæðist nú á vordögum og hægt er að sjá orminn með því að smella á tengilinn.
- Nordplus styrkir þann hluta Tungumálatorgsins sem kallast **Interaktivt netmiljø omkring de nordiske sprog i Island**.
- Prófum er lokið og niðurstöður liggja fyrir og verða sendar út til skóla.
- 13 nemendur í 10. bekk í sænsku skiluðu inn ritgerð í samkeppni og var af því tilefni boðið í móttöku í Sveriges ambassad fimmtudaginn 20. maí.

Vi skal ikkje sova bort sumarnatta,  
ho er for ljós til det.  
Då skal vi vandra i saman ute  
under dei lauvtunge tre.

Då skal vi vandra i saman ute,  
der blomar i graset står.  
Vi skal ikkje sova burt sumarnatta  
som kruser med dogg i vårt hår.

Tekst: Aslaug L Lygre

## Við skólalok

**Stöðupróf.** Sextíu og sex nemendur ljúka 10. bekk í vor: 24 nemendur í sænsku, 24 í norsku og 18 í pólsku. Þeim sem þess óska býðst að taka stöðupróf í tungumálinu í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Skráning fyrir próf í ágúst fer fram í maí/júní. Fylgist með á heimasíðu MH.

Viðburðir		Dagur	Staður	Tími
Netnám	Pólska 8. bekkur	26. maí	Laugalækjarskóli	15:30 – 16:45
	Pólska 8. bekkur	31. maí	Fellaskóli	15:45—17:00
Skóla- lok	Sænska	1. júní	Laugalækjarskóli	17:00 - 18:00
	Pólska	2. júní	Grill í Húsdýragarði	15:30 – 17:00
	Norska	1. júní	Laugalækjarskóli	15:30 - 16:50

